

Ed.

76. Frumvarp

til laga um stofnun vélstjóraskóla á Akureyri.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Á Akureyri skal stofna vélstjóraskóla, er gefi mönnum kost á að læra meðferð mótorvéla, allt að 150 hestafla.

Við skóla þennan skipar ríkisstjórnin fastan kennara í mótórvélfræði, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, og ákveður ríkisstjórnin laun hans.

Einnig ræður ríkisstjórnin aðra kennara við skólann, eftir því, sem þörf krefur.

Laun forstöðumanns, kennara og allur annar kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótórvélstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt léttan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótórfraði: Þekking á hinum algengustu mótórum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótórum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og oliu-eyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst léttar líkingar með einni óþekktri stærð og prósentureikningi.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstimælum, eðlisþyngd hita og dreifing hans, útbenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vélaáburði.

3. gr.

Próf er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, er ríkisstjórnin skipar í hvert sinn, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótórvélstjórapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vélsmiði eitt ár í þeim járnsmiðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótórvélstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vélstjóri á bát yfir 12 smálestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um, að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti ábrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sé sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vélstjóraskólans á Akureyri, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni skólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðninni fylgja vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kennt hafa umsækjanda eitthvað, er að vélfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótórvélstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótórvélstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rétt til þess að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kennslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafizt er til að standast próf, og hina hæstu, sem unnt er að ná. Allir þeir prófdómendurnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Við vélstjóraskólann á Akureyri er heimilt að hafa námskeið fyrir þau vélstjóraefni, sem ekki hafa í hyggju að stjórna stærri mótórvélun en 15 hestafla, og skal þá miða kennslu í meðferð þessara véla við það, að nemandi geti talizt fær um að stjórna slikri vél og hirða svo vel sé.

8. gr.

Þegar vélstjóraskólinn á Akureyri tekur til starfa, falla niður námskeið þau í mótórvélafræði, sem Fiskifélag Íslands hefir haldið uppi norðanlands.

9. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

Greinargerð.

Á þingmálafundi, sem haldinn var á Akureyri laugardaginn 7. febrúar síðastliðinn, var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn skorar á Alþingi að stofna mótorskóla hér á Akureyri þegar á næsta ári. Veiti skólinn fullkomna kennslu og réttindi til gæzlu jafnt stórra sem lítilla mótorá“.

Eins og kunnugt er, ryður mótoraflið sér æ meir og meir til rúms, jafnt hér á landi sem annarsstaðar. Fyrstu mótorvélnar, sem fluttust hingað til lands, voru litlar bátavélar, en brátt sáu menn, að mótorinn er mjög heppilegur orkugjafi í stærri skip, sem fiskveiðar stunda.

Á síðustu árum hafa mótorar skipa og báta farið sistækkandi, en seglin að sama skapi minnkandi, enda er það nú orðið mótorinn, sem allir reiða sig á, ekki einasta skipshöfnin, heldur einnig eigendurnir og þeir, sem leggja fé í útgerðina.

Í fyrstu var engin sérstök kennsla í meðferð þessara véla, en 1915 fór Fiskifélag Íslands að halda námsskeið, til að kenna mönnum meðferð mótorvéla, og hefir það síðan haldið uppi þessari kennslu viðsvegar um landið. Hafa námsskeiðin venjulega staðið $1\frac{1}{2}$ til 2 mánuði, en vitanlega er það allt of stuttur tími til þess að læra svo vandasamt verk, sem gæzla mótorvéla er.

Almennur áhugi er vaknaður meðal mótorgæzlumanna norðanlands fyrir því, að stofnaður verði á Norðurlandi mótorskóli. Liggja þær orsakir til þess, að menn sjá, að kennsla sú, sem veitt er á námsskeiðum Fiskifélagsins og er sú eina, sem menn hafa átt kost á að afla sér í þessari grein, er alls ekki fullnægjandi. Því eins og áður er sagt, fara vélnar alltaf stækkandi og krefjast því meiri kunnáttu og þekkingar á meðferð þeirra. Próf þau, er menn taka á námsskeiðum Fiskifélagsins, veita ekki réttindi til gæzlu stærri mótora en 50 ha., og er það vitanlega allt of lítið, því fjölmargar vélar í mótorskipum eru miklu stærri en það.

Til þess að ráða bót á þessu ástandi, sem alls ekki er viðunandi, virðist bezta ráðið að stofnsetja og starfrækja mótorskóla, sem gerir mönnum fært að afla sér þekkingar og öðlast réttindi til gæzlu jafnt stórra sem litilla mótora. Sýnist öll sanngirni mæla með því, að stofnaður verði sérstakur skóli, sem kennir meðferð mótorvéla, eins og fyrir 15 árum var stofnaður skóli til að kenna meðferð gufuvéla, Vélstjórnarskóli Íslands. Ekki sízt, þegar vitanlegt er, að í mótorskipafloata landsins liggur sennilega engu minna verðmæti en í gufuskipafloatanum, þeim er fiskveiðar stundar. Það, sem meira máli skiptir, er, að mótorskipin eru langtum fleiri að tölu, og því miklu fleiri menn, sem atvinnu hafa við gæzlu mótorvéla.

Ástæður fyrir því, að full þörf sé slíks skóla á Norðurlandi sem hér um ræðir, eru meðal annars þær, að útgerðin norðanlands er því nær eingöngu rekin með mótorskipum og bátum, að námsskeið þau, sem haldin hafa verið, hafa venjulega verið mjög vel sótt, sem mun stafa af hinni miklu þörf á þekkingu í mótorvélfraði. Hafa námsskeið Fiskifélagsins verið sótt af öllu Norðurlandi til Akureyrar, og jafnvel austan af Austfjörðum.

Frá Eyjafirði og Siglufirði ganga árlega á annað hundrað mótorskip og mótorbátar, og fjöldi af svo kölluðum „trillum“. Auk þess er talsverð mótorbáta-útgerð til beggja handa við Eyjafjörð og Siglufjörð, austur að Langanesi og vestur að Horni, svo traúðla munu vera undir 150 mótorskip og mótorbátar, sem gerð eru út frá Norðurlandi árlega, og fer tala þeirra stöðugt vaxandi.

Sýnir þetta meðal annars hina miklu þörf fyrir skóla norðanlands, er kenni meðferð mótorvéla.